

MENNINGARSTEFNA 2016
VESTURLANDS - 2019

Menningarstefna Vesturlands
mótar áherslur í menningarmálum
og er ætlað að styðja við
menningarstefnu sveitarfélaga
í landshlutanum





INNGANGUR

Í samningi á milli stjórnvalda og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi er kveðið á um að Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019 skuli marka stefnu landshlutans í menningarmálum.

Í stöðumati sóknaráætlunar segir að menningarlíf hafi eflst verulega á Vesturlandi undanfarin ár og sveitarfélögin geri sér betur grein fyrir mikilvægi menningarlífs fyrir búsetu. Víða á Vesturlandi hafi vaxið upp mjög öflugir sprotar sem hafi skapað margskonar tækifæri til fróðleiks og afþreyingar. Störfum í skapandi greinum hafi fjölgað og þar liggi ýmis tækifæri.

Með þetta í huga þá segir í framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vesturlands að blómleg menning sé mikilvægur þáttur í nútímasamfélagi. Markvisst skuli hlúð að menningunni og leitast við að gera hana áhugaverða fyrir alla, jafnt yngri sem eldri og gefa skapandi greinum tækifæri til að dafna.

Vestlendingar leggja líka áherslu á nýsköpun í sinni framtíðarsýn, jafnt í skapandi greinum sem öðrum þátt um atvinnulífsins og sjá fyrir sér að frumkvöðlar og nýsköpun verði helstu drifkraftar í eflingu atvinnulífs á svæðinu, ásamt metnaðarfullu samstarfi menntastofnana og atvinnulífs.

Til að fylgja frekar eftir því ákvæði samnings um Sóknaráætlun að marka Vesturlandi stefnu í menningamálum, var samþykkt að gera stefnumótunina að sérstöku áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands. Mótun menningarstefnu er á forræði Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) eftir að Menningarráð Vesturlands var lagt niður árið 2014 og SSV tók við verkefnum þess.

Menningarstefnunni er ætlað að mynda grunn fyrir ákvarðanatöku SSV í menningarmálum, þ.m.t. við úthlutun verkefnastyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

Einnig er stefnunni ætlað að styðja við menningarstefnu sveitarfélaga í landshlutanum. Í menningarstefnu Vesturlands eru mótaðar helstu

áherslur í menningarmálum á Vesturlandi í heild, en einstökum svæðum eða sveitarfélögum er ætlað að móta sína eigin menningarstefnu með nánari staðbundnum útfærslum.

Áður en Sóknaráætlun Vesturlands tók gildi í febrúar 2015 var hafin vinna við gerð menningarstefnu sem hófst með málstofu um menningarmál sem fram fór á Bifröst í lok nóvember 2014. Vegna vinnu við mótun Sóknaráætlunar Vesturlands var frekari vinna við gerð menningarstefnunnar frestað, en þráðurinn tekinn upp að nýju í byrjun árs 2016. Menningarstefna Vesturlands sem hér lítur dagsins ljós er mótuð á útmánuðum 2016.

Í því starfi var lögð áhersla á að menningarstefnan yrði sameign landshlutans og því leitað fulltingis fólks á öllum svæðum hans við gerð hennar. Stefnumótunin var í höndum sérstakrar verkefnisstjórnar undir forystu menningarfulltrúa Vesturlands, Elísabetar Haraldsdóttur.

Í VERKEFNISSTJÓRN SÁTU EFTIRTALDIR

Anna Leif Elíadóttir

Myndlistarkona, Akranesi

Ella María Gunnarsdóttir

Forstöðumaður menningar- og safnamála, Akranesi

Guðrún Jónsdóttir

Forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar

Helena Guttormsdóttir

Fulltrúi í fagráði menningarmála á Vesturlandi, Borgarbyggð

Jónella Sigurjónsdóttir

Fulltrúi í fagráði menningarmála á Vesturlandi, Hvalfjarðarsveit

Kári Viðarsson

Frystiklefanum, Rífi, Snæfellsbæ

Kristjana Hermannsdóttir

Bæjarfulltrúi, Snæfellsbæ

Njörður Sigurjónsson

Háskólanum á Bifröst

Kjartan Ragnarsson

Landnámssetri, Borgarnesi

Ragnheiður Valdimarsdóttir

Formaður menningar-nefndar Stykkishólms

Sigríður Finsen

Fulltrúi í fagráði menningarmála á Vesturlandi, Grundarfirði

Sveinn Arnar Sæmundsson

Kórstjóri og organisti, Akranesi

Valdís Gunnarsdóttir

Leifsbúð, Búðardal

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV, vann með verkefnisstjórninni ásamt Birgittu Stefánsdóttur og Stefáni Gíslasyni hjá Umhverfissráðgjöf Íslands ehf. sem aðstoðuðu verkefnisstjórnina við framkvæmd og úrvinnslu stefnumótunarfunda.




HALDNIR VORU OPNIR STEFNUMÓTUNARFUNDIR Á FIMM STÖÐUM Á VESTURLANDI:

- » 8. mars 2016 í Leifsbúð, Búðardal fyrir Dali
- » 10. mars 2016 í Heiðarskóla fyrir Hvalfjarðarsveit
- » 14. mars 2016 í Safnahúsinu að Görðum fyrir Akranes
- » 16. mars 2016 í Stjórnsýsluhúsinu í Borgarnesi fyrir Borgarfjörð
- » 4. apríl 2016 í Félagsheimilinu í Grundarfirði fyrir Snæfellsnes

Boðað var til fundanna með almennum auglýsingum, en auk þess voru einstaklingar í fremstu röð menningarmála á hverju svæði boðaðir sérstaklega. Á fundunum sem voru með þjóðfundarfyrirkomulagi voru dregin fram þau atriði sem fundargestir vildu leggja sérstaka áherslu á varðandi Menningarstefnu Vesturlands.

Verkefnisstjórn fór síðan yfir niðurstöður fundanna og gekk frá drögum sem lögð voru fyrir stjórn SSV. Stjórn SSV samþykkti á fundi sínum 24. ágúst 2016 að vísa menningarstefnunni til afgreiðslu á haustþingi SSV. Á þinginu starfaði sérstakur vinnuhópur um menningarmál sem fór yfir drögin og í framhaldinu samþykkti Haustþing SSV 2016, Menningarstefnu Vesturlands sem mun gilda fyrir árin 2016-2019.



MENNINGAR- STEFNA

Menningarstefna Vesturlands byggir á fimm þáttum sem aðilar voru sammála um að skiptu mestu máli í menningarmálum

I **MENNINGARUPPELDI**

II **LISTIR**

III **NÝSKÖPUN**

IV **MENNINGARARFUR**

V **SAMVINNA**

Tillögurnar eru byggðar á niðurstöðum íbúafunda á fimm stöðum á Vesturlandi í mars og apríl 2016. Þær voru síðan útfærðar frekar af verkefnisstjórn og vinnuhópi á Haustþingi SSV 2016.

Í hverjum þætti sem talinn er upp hér að ofan er tilgreind stefna og sett fram nokkur markmið ásamt tillögum að aðgerðum til að vinna að framgangi stefnunnar. Jafnframt fylgir hverri aðgerð tillaga að framkvæmdaraðila.

Í sumum tilfellum liggur framkvæmdin hjá SSV, í öðrum tilfellum er bent á að aðstoð starfsmanna SSV eða stuðning Uppbyggingarsjóðs Vesturlands og í þriðja lagi felur stefnan í sér hvatningu til sveitarfélaga eða annarra aðila að taka að sér ákveðna aðgerðir.

Hafa ber í huga að Uppbyggingarsjóður Vesturlands er samkeppnissjóður, en þar sem hann er tilgreindur sem framkvæmdaaðili þá er það vegna þess að viðkomandi aðgerð fellur að úthlutunarreglum hans.

I

MENNINGARUPPELDI

STEFNA

Menning og listir fléttist inn í skólastarf og daglegt líf íbúa á Vesturlandi.

MARKMIÐ

**FJÖLBREYTTIR MÖGULEIKAR Á VESTURLANDI TIL MENNTUNAR
Í MENNINGU OG LISTUM**

AÐGERÐIR

- › Listkennsla verði eflað á öllum skólastigum
 - » *Framkvæmd: Sveitarfélög*

- › Átak til listsköpunar í vinnuskólum – útilist, myndlist, torfhleðslur o.s.frv.
 - » *Framkvæmd: Sveitarfélög*

- › Listasmiðjur fyrir einstaklinga með fatlanir/sérþarfir
 - » *Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði*

- › Endurmenntun á sviði menningar og listar
 - » *Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði*

- › Úttekt á stofnun lýðháskóla á Vesturlandi m.a. með áherslu á kennslu í menningu og listum
 - » *Framkvæmd: SSV*

- › Úttekt á möguleikum tónlistarskóla til að taka inn aðrar listgreinar
 - » *Framkvæmd: SSV*



MARKMIÐ

ÁHERSLA Á MENNINGU ALLRA ALDURSHÓPA

AÐGERÐIR

- › Barnamenningarhátíðir á Vesturlandi
 - »*Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

- › Átak í menningarsamstarfi kynslóða með áherslu á samstarf elstu og yngstu aldurshópa
 - »*Framkvæmd: Sveitarfélög, stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

MARKMIÐ

BÖRN OG UNGMENNI NJÓTI MENNINGAR ÓHÁÐ BÚSETU OG EFNAHAG

AÐGERÐIR

- › Listfræðsla - m.a. með heimsóknnum í menningar- og listastofnanir
 - »*Framkvæmd: Sveitarfélög, stuðningur frá SSV / Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

- › Aðgengi barna og ungmenna að söfnum og menningarviðburðum
 - »*Framkvæmd: Sveitarfélög*

II

LISTIR

STEFNA

Listum sé gert hátt undir höfði á Vesturlandi og áhersla lögð á fjölbreytta listsköpun allra aldurshópa. Samstarf sveitarfélaga leiði til uppbyggingar á faglegum störfum við listir á Vesturlandi.

MARKMIÐ

LISTIR FÁI AUKIÐ VÆGI Í DAGLEGU LÍFI Á VESTURLANDI

AÐGERÐIR

- › Efla markvissa kynningu á listum og listviðburðum
Framkvæmd: Sveitarfélög, stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands

MARKMIÐ

ÁHERSLA Á FJÖLBREYTTAR LISTIR OG SAMTÍMALIST

AÐGERÐIR

- › Samstarf listamanna á Vesturlandi þvert á listgreinar
»Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands
- › Uppbygging aðstöðu sem býður listamönnum að starfa tímabundið á svæðinu í samstarfi við listamenn á Vesturlandi.
»Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands

› Stuðningur við verkefni listamanna á Vesturlandi

» *Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða*

Uppbyggingarsjóði Vesturlands

MARKMIÐ

.....
ÁHERSLA Á LISTAHÁTÍÐIR Á VESTURLANDI
.....

AÐGERÐIR

› Listahátíðir haldnar víða á Vesturlandi

» *Framkvæmd: Stuðningur SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*



III

NÝSKÖPUN

STEFNA

Á Vesturlandi verði stöðug framþróun í menningarmálum og í nýsköpun.

MARKMIÐ

GREIÐUR AÐGANGUR AÐ RÁÐGJÖF OG FJÁRSTUÐNINGI VIÐ NÝSKÖPUNARVERKEFNI Í MENNINGARMÁLUM

AÐGERÐIR

- › Ráðgjöf fyrir nýliða í rekstri sem tengist menningu og listum
 - » *Framkvæmd: SSV*
- › Samantekt um fjármögnunarmöguleika fyrir nýsköpunarverkefni, skilmála, umsóknarfresti
 - » *Framkvæmd: SSV*

MARKMIÐ

SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKI Í ÖÐRUM ATVINNUGREINUM Á VESTURLANDI

AÐGERÐIR

- › Uppsetningu nýsköpunarsetra með rými fyrir frumkvöðla í menningarmálum
 - » *Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*
- › Skapaður verði samstarfsvettvangur til að tengja saman hönnuði og fyrirtæki á Vesturlandi
 - » *Framkvæmd: SSV*



MARKMIÐ

STUÐNINGUR VIÐ NÝSKÖPUN Í FORMI SAMKEPPNI OG/EÐA VERÐLAUNA

AÐGERÐIR

- › Nýsköpunarverðlaun menningarverkefna sem úthlutað verði reglulega
»*Framkvæmd: SSV*

MARKMIÐ

KYNNING Á NÝSKÖPUN OG SKAPANDI ATVINNUGREINUM

AÐGERÐIR

- › Hvetja til kynninga á nýsköpun fyrir kennara á öllum skólastigum og þeim tækifærum sem felast í hönnun og skapandi störfum
»*Framkvæmd: Sveitarfélög*
- › Kynning á nýsköpun og aðilum sem vinna að nýsköpun á svæðinu
»*Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða
Uppbyggingarsjóði Vesturlands*
- › Þátttaka í stærri verkefnum sem miða að því að kynna nýsköpun og hönnun, t.d. Hönnunarmars, List án landamæra og samnorræn verkefni
»*Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða
Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

IV

MENNINGARARFUR

STEFNA

Menningararfur Vesturlands verði varðveittur og honum miðlað með áherslu á sögulega sérstöðu svæðisins.

MARKMIÐ

MENNINGARARFUR VESTURLANDS VERÐI ÁBERANDI ÞÁTTUR Í MARKAÐSSETNINGU SVÆÐISINS

AÐGERÐIR

- › Auka þátt menningararfs í markaðssetningu Vesturlands
 - » *Framkvæmd: Vesturlandsstofa*

MARKMIÐ

GÓÐ AÐSTAÐA SÉ TIL MENNINGARSTARFS Á VESTURLANDI OG METNAÐARFULLT SAFNASTARF

AÐGERÐIR

- › Stuðningur við metnaðarfullt safnastarf
 - » *Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

MARKMIÐ

MERKINGAR VIÐ ÞJÓÐLEIÐIR OG ALLA HELSTU STAÐI Á VESTURLANDI SEM Hafa SÖGULEGT GILDI

AÐGERÐIR

- › Merkingar staða og mannvirkja með sögulegt gildi
 - »*Framkvæmd: Sveitarfélög, stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

- › Merkingar þjóðleiða á Vesturlandi
 - › *Framkvæmd: Sveitarfélög, stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

- › Kynna Þjóðleiðir og staði með menningarlegt og sögulegt gildi á Vesturlandi
 - »*Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

MARKMIÐ

MENNINGARLANDSLAG SVÆÐISINS VERÐI KORTLAGT OG KYNNT

AÐGERÐIR

- › Efling áttahagafræðslu í öllum leik- og grunnskólum á Vesturlandi
 - »*Framkvæmd: Sveitarfélög*

- › Þróun kennsluefnis í áttahagafræðslu til kennslu fyrir alla aldurshópa
 - »*Framkvæmd: Sveitarfélög, stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

- › Menningararfur – Efla kynningu og menntun í aðferðum við matargerð, handverk og öðru sem tengist menningararfinum og getur nýst í t.d. í safnastarfi og menningartengdri ferðaþjónustu.
 - » *Framkvæmd: Sveitarfélög með stuðningi SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

- › Átak í viðtölum og skráningu sagna frá eldri íbúum Vesturlands
 - »*Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

- › Kynning á verkefnum listamanna á Vesturlandi
 - »*Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

MARKMIÐ

ÁHERSLA Á VERNDUN GAMALLA HÚSA OG ANNARRA MANNVIRKJA ER HAFA MENNINGARLEGT GILDI

AÐGERÐIR

- › Merkingar gamalla húsa með sögulegu ívafi á Vesturlandi
 - »*Framkvæmd: Stuðningur frá SSV og/eða Uppbyggingarsjóði Vesturlands*



V SAMVINNA

STEFNA

Sveitarfélög á Vesturlandi vinni saman að menningamálum og hafi virka miðlun hennar að leiðarljósi.

MARKMIÐ

SAMSTARF SVEITARFÉLAGA UM MENNINGARVIÐBURÐI OG SKIPULAG MENNINGARMÁLA Á SVÆÐINU

AÐGERÐIR

- › Heimasíða Vesturlandsstofu vesturland.is/culturwest.is verði eflð og notuð fyrir kynningar á menningarviðburðum sem tengjast Vesturlandi
 - » Framkvæmd: SSV í samvinnu við Vesturlandsstofu og vesturland.is
- › Þróun sameiginlegs gagnagrunns til innri nota yfir mannaúð í menningu og listum á Vesturlandi
 - » Framkvæmd: SSV

MARKMIÐ

SAMSTARF SVEITARFÉLAGA UM SAFNAMÁL Á VESTURLANDI

AÐGERÐIR

- › Árlegur samráðsfundur safna á Vesturlandi
 - » Framkvæmd: Sveitarfélög í samvinnu við SSV

› Þróun og markaðssetning Vesturlandspassa sem gildi sem aðgöngumiði á öll söfn á Vesturlandi

»*Framkvæmd: Sveitarfélög í samvinnu við SSV og Vesturlandsstofu*

MARKMIÐ

MENNINGARHÚS/FÉLAGSHEIMILI NÝTT ENN FREKAR TIL MENNINGARSTARFS

AÐGERÐIR

› Stuðningur við bættu nýtingu menningarhúsa/félagsheimila í þágu fjölbreyttrar menningar á Vesturlandi

»*Framkvæmd: Sveitarfélög, stuðningur frá SSV og/eða
Uppbyggingarsjóði Vesturlands*

MARKMIÐ

MENNINGARTENGT SAMSTARF VIÐ SNORRASTOFU Í REYKHOLTI, HÁSKÓLANN Á BIFRÖST OG LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS

AÐGERÐIR

› Árlegur samráðsfundur fræðslusetra, háskóla og menningarfulltrúa á Vesturlandi

»*Framkvæmd: SSV í samvinnu við fræðslusetur og háskóla*

› Stuðla að samstarfi við menningarstofnanir ríkisins

»*Framkvæmd: SSV*





Ljósmyndir

bls. 4

Listkennsla | Borghildur Jósúadóttir

bls. 8

Barnamenningarhátíð | Guðni Páll Sæmundsson

bls. 10

Stykkishólmskirkja | Anna Melsteð

bls. 14

Peysufatadagur | Anna Melsteð

bls. 18

Útilistaverk Borgarnesi | Skessuhorn

bls. 20

Plan B | Gissur Pálsson / Sigríður Þóra Óðinsdóttir

bls. 25

Helgi Þorgils Friðjónsson | Haldór Örn Gunnarsson

bls. 28-29

Fiðlusveitin | Ómar B. Lárusson

Umbrot

Rósa Björk | errbe.com

